

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 6. febrúar 2026

Mál nr. S-120/2025:

Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Eva Dís Pálmadóttir lögmaður)

(Aþena Valý Orradóttir, lögmaður brotaþola)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. síðasta mánaðar, var höfðað af lögreglustjóranum á Austurlandi með ákæru útgefinni 20. ágúst síðastliðinn á hendur X, kt. [...], „fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot, með því að hafa aðfaranótt [...] 2024, sem ökumaður hóp bifreiðarinnar [...], þar sem hann hafði stöðvað bifreiðina á [...], ekki sýnt nægilegra[...] aðgæslu þegar farþegar voru að fara út úr bifreiðinni þannig að hann ók af stað og lokaði aftari útgangshurð ökutækisins, áður en brotaþoli A, kt. [...], var komin út úr bifreiðinni, með þeim afleiðingum að brotaþoli féll út úr bifreiðinni og á götuna, og síðan þar sem brotaþoli lá bjargarlaus í götunni, haldið áfram akstri sínum án nægilegrar varúðar þannig að afturdekk bifreiðarinnar fór yfir báða fætur hennar. Afleiðingar framangreinds fyrir brotaþola voru þær að hún hlaut ökklabrot á hægri fæti, kramningsáverka á vinstri sköflung og töluverðan mjúkvefjaskaða á vinstri fæti með þremur gapandi skurðum sem náðu misdjúpt niður í vöðva, bein og fitulag, opinn mjúkpart[a]skaða yfir fremra sköflungsbeini með opnun niður í gegnum beinhimnu, afgerandi degloving áverka allan hringinn á vinstri fótlegg sem náði frá miðlægri hnésbót og snúningslaga yfir aftari hluta fótleggjar niður í kálfa, áverka yfir hliðlægum hluta vinstri fótleggjar og enn anna[n] yfir framhluta fótleggjar og brotið vinstra sköflungsbein.“ Er háttsemin talin varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr., umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 1. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Af hálfu brotaþola er þess krafist að ákærði greiði henni skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og

verðtryggingu frá [...] 2024, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða, til greiðsludags, auk málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Ákærði neitaði refsiverðri sök á dómþingi 1. október síðastliðinn, þar sem hann teldi ekki um líkamsmeiðingar af gáleysi að ræða. Þá var bótaskyldu hafnað af hans hálfu. Við aðalmeðferð málsins 9. síðasta mánaðar var af hans hálfu aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvalds í refsipætti málsins, en til vara í þeim þætti að ákærði sætti vægustu viðurlögum sem lög leyfa. Þá er þess aðallega krafist í einkaréttarþætti málsins að bóta-kröfu og kröfu um málskostnað verði vísað frá dómi í tilviki sýknu í refsipætti málsins, til vara sýknu af bótakröfu og að kröfu um málskostnað verði hafnað, en til þrautavara að bætur verði ákvarðaðar lægri en krafist sé og að málskostnaður verði ákvarðaður að lægri fjárhæð heldur en krafist er. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I

Samkvæmt frumskýrslu tilkynnti Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra lögreglu um það kl. 0:45 hinn [...] 2024 að rútu hefði verið ekið yfir löpp á konu á [...]. Við komu skýrsluritari, lögreglumanns O, á vettvang hafi mátt sjá nokkra einstaklinga standa í kringum konu sem legið hafi á jörðinni. Búið hafi verið að setja jakka yfir hana til að halda á henni hita. Konan, sem greint hafi frá því að hún hétu A, hafi kvartað undan verk í fæti. Að fengnu leyfi hennar hafi lögreglumaðurinn klippt buxnaskálm til að geta skoðað fætur hennar betur og séð stórt opið sár á vinstri sköflungi. Stuttu síðar hafi sjúkralið komið á vettvang til að hlúa að henni. Í málinu liggur óumdeilt fyrir að hin slasaða á vettvangi var A, sem er brotþoli þessa máls í skilningi 39. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Þá greinir og frá því í skýrslunni að lögreglumaðurinn hafi rætt við vitni á vettvangi, sem öll hafi verið farþegar í rútnni og [...]. Þar af hafi B, C, D og E orðið vitni að slysinu og hafi framburður þeirra allra verið sá sami. Þeir hafi sagt brotþola hafa verið að fara út úr rútnni um aftari hurð þegar rútnni hafi verið ekið af stað og hurðin lokast á hana með þeim afleiðingum að hún hafi fallið í jörðina og rútnni verið ekið yfir fætur hennar.

Samkvæmt skýrslunni var brotþoli flutt til aðhlynningar á [...] þar sem tekinn hafi verið niður framburður hennar og ökumannsins. Ökumaður bifreiðarinnar, sem nú síðar hefur verið ákærður í máli þessu, hafi framvísað gildum íslenskum ökuréttindum. Hann

hafi greint frá því að hafa stoppað á stoppistöð og opnað báðar hurðar. Hann hafi horft á eftir síðasta farþeganum ganga framhjá sér, litið í spegilinn og ekki séð neinn ganga út um aftari hurðina og engan séð við hlið rúttunnar. Hann hafi þá litið í spegilinn bílstjóra megin til að aka á brott, byrjað að aka af stað, lokað hurðunum á sama tíma og þá heyrð öskur og snarstöðvað. Hann hafi greint frá því að hafa verið rétt farinn af stað, kannski búinn að færast um einn til tvo metra. Einnig er rakið að brotapolí hafi aðspurð borið um að hafa verið að ganga út úr rúttunni að aftan þegar rúttan hafi farið af stað og hurðin lokast á hana. Hún hafi haldið að bílstjórinn hefði ekki séð sig fara úr þar sem hún hafi verið dökkklædd og allir hinir hafi farið út um fremri útganginn.

Loks greinir frá því í niðurlagi skýrslunnar að ákærði hafi blásið í áfengismæli kl. 1:30 sem gefið hafi niðurstöðuna 0‰. Auk annars einnig að brotapolí yrði flutt með sjúkraflugi til Akureyrar til nánari skoðunar og að ekki hafi verið gætt réttarfarsákvæða gagnvart öikumanninum og vitnum.

Þá er á meðal málsgagna ljósmyndaskýrsla hópbifreiðarinnar [...] sem ákærði ók er atvikið henti [...] 2024. Samkvæmt henni skoðaði lögreglumaður M og ljósmyndaði öryggisbúnað bifreiðarinnar [...] 2024 á bifreiðastæði við [...] í tengslum við rannsókn málsins. Þar greinir að lögreglumaðurinn hafi áður verið í símasambandi við ákærða til að mæla sér þar mót af þessu tilefni. Bifreiðin hafi verið ljósmynduð að utan sem innan. Hurðabúnaður hafi verið skoðaður sérstaklega með það í huga hvort bilun væri í öryggisbúnaði.

Fyrir skoðun hafi mátt sjá merkingar á aftari hurð um að notkun væri bönnuð ásamt því að strengdir hafi verið plastborðar við tröppur að innanverðu til að koma í veg fyrir að fólk færi niður í tröppurnar við útganginn. Við skoðunina hafi ákærði greint frá því að öryggisfulltrúi hjá [...] hafi skoðað hurðabúnaðinn eftir slysið og í framhaldi af því hafi umgangur um aftari dyrnar verið bannaður. Þá hafi hann sagt bifreiðina hafa lent í umferðaróhappi veturinn áður þegar ekið hafi verið á aftari hurð hennar og að gert hefði verið við hurðina eftir það tjón. Hann hafi einnig greint frá því að um hálfu ári fyrir þann tíma sem hann og rannsóknarlögreglumaðurinn hafi hist hafi aftur verið ekið á aftari hurðina sem hafi tjónast við það. Rúttan hafi ekki verið notuð í einhvern tíma þá á eftir, en svo hafi verið farið með hana í viðgerð hjá [fyrirtæki]. Ákærði hafi sagt þá hafa verið í einhverjum vandræðum með að fá hurðina til að virka. Hún hafi alltaf opnast aftur þegar reynt var að loka henni. Hafi ákærði sagst vera sá sem sótt hafi rúttuna úr þeirri viðgerð, þá fyrir nokkrum vikum síðan, og hafi þá verið upplýstur um að einhver nemi eða

skynjari sem skynjaði fyrirstöðu eða viðnám við lokun hurðarinnar hafi verið tekinn úr sambandi svo að hægt væri að loka henni. Hann hafi einnig sagst hafa farið með rútuna beint úr viðgerðinni í skoðun hjá [...] þar sem hún hafi fengið fulla skoðun, fyrir utan athugasemd um að stilla þyrfti ljósabúnað hennar að framan.

Þá greinir frá því í sömu skýrslu að lögreglumáðurinn hafi skoðað og prófað hurðabúnað rútunnar. Hurðunum sé stjórnað með rofum í mælaborði ökumanns. Þar séu tveir rofar hvor fyrir sína hurðina. Þegar ýtt sé á rofana byrji hurðarnar að lokast, en lofttjakkar sjái um tilfærslu þeirra. Það taki hurðarnar um fjórar sekúndur að lokast frá því að ýtt sé á rofana. Við skoðun á fremri hurð hafi verið prófað að halda við hana þegar hún hafi verið að lokast. Hurðin hafi stoppað við viðnámið og opnast aftur. Sams konar athugun hafi verið gerð á aftari hurðinni sem hafi stoppað, þrýstingur aukist jafnt og þétt, og þegar hurðinni hafi verið sleppt hafi hún lokast af nokkru afli.

Þá eru í skýrslunni 23 ljósmyndir sem teknar voru við skoðunina og við þær eru ritaðar skýringar. Hér verður fjallað um nokkrar myndanna og skýringar við þær, án þess að um tæmandi umfjöllun að því leyti sé að ræða. Á meðal þessara mynda er ein tekin úr ökumannssæti bifreiðarinnar sem gefa á mynd af sýn ökumanns með baksýnispegli aftur í rútuna og er önnur mynd sem tekin er fremst í rútunni þannig að horft er aftur gang rútunnar. Auk þess er mynd af mælaborði rútunnar þar sem sjá má að búið er að líma rautt límband yfir rofa aftari hurðar og önnur þar sem horft er ofan í tröppur við aftari farþegahurð. Einnig eru þrjár myndir teknar utan rútunnar þannig að horft er inn um aftari farþegahurðina frá mismunandi sjónarhornum, þar af er málband inni á tveimur þeirra og sýnd er annars vegar hæðin úr neðsta þrepi rútunnar upp á gangveg hennar, sem sögð er mælast 46 cm, og hins vegar hæðin frá jörðu upp í neðsta þrep, sem sögð er mælast 37 cm. Á þriðju þessara mynda sem teknar eru utan rútunnar og horft inn um aftari farþegahurðina má sjá að glerhurð sem er í þessu dyragati lokast frá hægri til vinstri séð frá farþega sem gengur þar út úr rútunni. Enn fremur er á meðal þessara ljósmynda í sömu skýrslu mynd þar sem sjá má með málbandi að 94 cm eru frá gangveginum í beinni loftlínu út að hurð rútunnar og á tveimur öðrum myndum einnig annars vegar að hæðin frá fyrsta þrepi í tröppunum upp fyrir bak sætisins í næstu röð framan við tröppurnar er 156 cm og hins vegar að hæðin frá neðsta þrepi í tröppunum upp fyrir sama sætisbak er 191 cm. Þá eru einnig myndir af lýsingu í farþegarýminu, þar á meðal af ljósi í öðru þrepi trappanna við aftari útganginn, en við þá mynd er ritað í skýrsluna að ljósið hafi ekki

virkað. Sömuleiðis eru meðal myndanna tvær af frágangi rafmagns á aftari farþega-
hurðinni, þar sem meðal annars má sjá lausa ótengda víra, og þrjár myndir af aftari hjól-
barða rúttunnar hægra megin.

Þá er á meðal málgagna upplýsingaskýrsla sama lögreglumanns um samskipti hans í
tölvupósti við F hjá [fyrirtæki], sbr. fyrrgreindar upplýsingar ákærða um að þar hafi rútan
verið til viðgerðar skömmu áður en það atvik sem ákært er vegna henti. Á meðal þess
sem greinir í skýrslunni eru svör F við spurningum lögreglumannsins um þá viðgerð.
Samkvæmt svári F kom rútan tvívegis til viðgerðar hjá þeim. Í fyrra sinnið í bráðabirgða-
viðgerð í árslok 2023 svo að unnt væri að loka hægri framhurð. Í síðara skiptið hafi hún
komið til viðgerðar um miðjan [...] 2024 og hafi þeirri viðgerð lokið [...] 2024. Gerð
hafi verið prófun á opnun og lokun hægri framhurðarinnar og allt hafi virkað eðlilega og
[...]. Þá hafi verið framkvæmdar stillingar á hraða á opnun og lokun afturhurðarinnar því
hún hafi lokast svo hratt. Hún hafi opnast og lokast alveg eðlilega, en þegar sett hafi verið
fyrirstaða fyrir hurðina hafi það bara virkað að takmörkuðu leyti. Þetta hafi verið gert þar
sem framhurðin hafi hagað sér alveg eðlilega. Þeim sem hafi sótt bifreiðina hafi verið
bent á þetta sem hafi sagt að það væri eitthvað í nýju hurðinni sem passaði ekki og ekki
hafi meira verið gert í þessu. Aðspurður í þessum tölvupóstsamskiptum um hvort eitthvað
hafi verið gert meira við aftari farþegahurðina en að stilla á henni hraðann ber skýrslan
með sér að F hafi svarað neitandi, það hafi verið það eina sem þeir hafi gert þar sem hún
hafi opnast og lokast svo hratt. Loftið inn á hana hafi verið minnkað, að því er hann
minnti um hálfan hring á stilliskrúfunni, og sá sem hafi sótt hana í lokin hafi sagt að þeir
hefðu verið búnir að liggja yfir þessu og ekki tekist betur til og hafi sagst vita af þessu.
Sá væri [...] maður, með [...]nafnið „e-ð [...]“ kvaðst hann minna. Fyrri [...], þ.e.
afturhurðina, hafi eigandinn verið búinn að laga og þeir hafi bara [...].

Enn fremur eru á meðal málgagna upplýsingar úr ökutækjaskrá Samgöngustofu um
það ökutæki sem um ræðir í málinu, [...], frá því [...] 2024, auk upplýsingaskýrslu lög-
reglu vegna fyrirspurnar lögreglumann M til starfsmanns Samgöngustofu um öryggis-
búnað hópibifreiða og framkvæmd skoðunar á honum. Af upplýsingum úr ökutækjaskrá
bifreiðarinnar er þess meðal annars að geta að bifreiðin hafði verið í eigu [...] frá miðju
ári 2018 og vísað er til þess að skráð hafi verið óhöpp á ökutækið sem nánar greini í
slysaskrá Samgöngustofu. Síðustu skoðanir fyrir það atvik sem mál þetta hverfist um hafi
farið fram hjá [...] 2024, annars vegar aðalskoðun með lagfæringarathugasemd og hins

vegar leyfisskoðun án athugasemda. Við þær skoðanir hafi kílómetrastaða öikumælis bifreiðarinnar verið 852.450 km. Í fyrrgreindu svari starfsmanns Samgöngustofu er almennt í meginatriðum vísað til reglugerðar um gerð og búnað ökutækja frá árinu 2004, þar sem tiltekna séu kröfur sem gildi um ökutæki, auk þess sem vísað er til skoðunarhandbókar um ökutæki sem gefin hafi verið út 1. mars 2023. Um einstaka atriði í fyrirspurn lögreglumannsins greinir meðal annars frá því í svari starfsmanns að gaumljós eigi alla jafna að vera í mælaborði sem segi til um að aðrar dyr en framdyr séu opnar. Þá svarar starfsmaðurinn fyrirspurn um hvort til staðar eigi að vera öryggisnemi sem skynji fyrirstöðu þegar hurð sé lokað á þá lund að dyr eigi alltaf að hafa varnir gegn slysum (mismiklar). Þá sé ekki alveg bannað að hægt sé að opna hurðar rútu á ferð, en það séu kröfur um alls konar varnir og viðvaranir. Einnig að faggiltar skoðunarstöðvar framkvæmi skoðun á öryggisbúnaði í almennri skoðun hjá skoðunarstöð og um skoðun er í svarinu vísað til reglubundinnar skoðunar samkvæmt 9. kafla skoðunarhandbókar ökutækja.

Jafnframt eru á meðal málsgagna lækisfræðileg gögn um afleiðingar atviksins fyrir brotþola, þar á meðal áverka sem óumdeilt er í málinu að hún hafi orðið fyrir vegna þess. Tvö efnislega samhljóða áverkavottorð liggja fyrir, bæði undirrituð af G, [...]lækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, annars vegar ásamt læknaritara, dags. [...] 2024, og hins vegar 20. ágúst 2025, ásamt heilbrigðisgagnafræðingi. Yngra vottorðið ber með sér að vera fyllra um lýsingu á áverkum og greiningu brotþola, auk þess sem þar eru ýmis lækisfræðileg atriði, sem í eldra vottorðinu voru tilgreind á latnesku, færð yfir á íslensku, oft á tíðum samhliða latneskum tilvísunum. Í yngra vottorðinu greinir í aðalatriðum frá því að brotþoli hafi verið lögð inn á sjúkrahúsið til frekari meðhöndlunar á þeim áverkum sem hún hafi hlotið. Hún hafi komið með sjúkraflugi [...] eftir að hafa lent undir rútu [...] 2024. Hún hafi við slysið hlotið svokallaðan degloving áverka allan hringinn á vinstri legg, en slíkur áverki valdi því að efstu lög húðar og vefja rifni frá undirliggjandi vöðvum, bandvef eða beini. Hún hafi einnig hlotið kramningsáverka á vinstri sköflung, töluverðan mjúkvefjaskaða með þremur gapandi skurðum sem náð hafi misdjúpt niður í vöðva, bein og fitulag. Röntgenmyndir hafi leitt í ljós áfallsbrot (brotnir endar beinsins hafi klemmst saman vegna krafts meiðslanna) á neðri hluta vinstri sköflungs. Á hægri fótlegg hafi hún verið með ótilfært ökklabrot á dálkshnyðju. Hún hafi farið í aðgerð sama dag og hún hafi komið þar sem sárin hafi verið skoðuð. Áberandi opinn mjúkpartaskaði sé yfir fremra sköflungsbeini og skaði með opnun niður í gegnum beinhimnu. Einnig afgerandi degloving áverka allan hringinn á vinstri legg sem nái frá

miðlægri hnésbót og snúningslaga yfir aftari hluta fótleggjar niður yfir kálfa. Annar áverki yfir hliðlægum hluta fótleggjar og enn annar yfir framhluta fótleggjar. Um greiningar á áverkum brotaþola segir að hún sé með mörg opin sár á fótlegg. Kramningsáverka á öðrum og ótilgreindum hlutum fótleggjar, brot á dálkshnyðju og áverka á taug(um) á ótilgreindu líkamssvæði. Loks er greint frá þeirri meðferð sem brotaþola hafi verið veitt.

Í læknaþreffi læknisins H, dags. 19. mars 2025, greinir frá högum brotaþola og endurhæfingu dagana [...] 2025 til [...] sama mánaðar. Þar er einkum rakið að er hún hafi stigið út úr [...]rútu hafi aftari hurð rúttunnar lokast á fót hennar og rútan lagt af stað þannig að hinn fóturinn hafi farið undir hjól með þeim afleiðingum að hún hafi ökkla-brotnað á báðum fótum og fengið alvarlegan mjúkvefjaáverka á vinstri fótlegg. Hún hafi verið með talsverðar „necrosur“ eftir áverka og með stórt opið sár. Hún hafi farið í sex skurðaðgerðir, fyrst hafi sári verið lokað með fiskroði og að lokum með húðgraft. Hún hafi útskrifast [...] 2024 eftir tæplega tveggja mánaða dvöl á skurðlækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri. [...] hafi meðferð hennar aðallega verið undir handleiðslu I, [...]læknis. Hún hafi verið í reglulegri sjúkraþjálfun á [...], núna síðast einu sinni í viku, auk þess sem hún hafi sinnt heimaæfingum. Hún hafi lýst því að hún væri með um klukkustundar langt æfingaprógram sem hún fylgdi hvern morgun.

Brotaþoli hafi lýst miklum framförum, sérstaklega síðan um áramótin 2024/2025, geti núna gengið án aðstoðar hækju um 800 metra á dag á jafnsléttu sem sé leiðin frá [...]. Hún reyni að fara í [...] með manninum sínum á hverjum degi, hann skutli henni þangað [...] og svo labbi hún heim. Hún sé líka nýlega farin að nota stiga eins og þegar hún fari í sjúkraþjálfun [...], þá labbi hún stigann niður í kjallara. Nú þegar sárin á fætinum séu að fullu gróin sé hún líka byrjuð að stunda aftur sund sem hún hafi gert mikið áður fyrr. Hún segist finna mikinn mun í stöðugleika í ökkulunum upp frá áramótum. Það sem trufla hana mest séu verkir og óstöðugleiki í ökkulunum og vonist hún eftir áframhaldandi bata á því í endurhæfingu. Markmið sé að geta farið í aðeins lengri göngutúra og að [...]. Aðalmarkmið endurhæfingar hafi verið að auka styrk, vinna í jafnvægi og liðka verki. Hún hafi verið mjög jákvæð og dugleg í leggunni og tekið vel þátt í öllum æfingum sem lagt hafi verið upp með, farið í göngu, í sund, í einkatíma hjá sjúkraþjálfara og verið í iðjuþjálfun. Bæði hún og meðhöndlandi aðilar hafi verið mjög ánægð með þær framfarir sem hún hafi náð í þriggja vikna endurhæfingunni. Hún ætli að halda áfram æfingum hjá

sjúkráþjálfara, sinna heimaæfingum, fara í göngutúra og í sund og muni hitta bæklunar-lækni í endurmati. Heilsutengd lífsgæði hennar hafi við komu hafi verið 45, en við útskrift 48.

Jafnframt liggur fyrir greining J, [...]læknis á taugaskaða brotaþola, dags. 14. ágúst 2025, ásamt nótum lækna um meðferð brotaþola frá 28. mars það ár til 21. ágúst sama ár, hvar meðal annars koma fram niðurstöður taugarita og klínískrar skoðunar læknisins á brotaþola og segir frá skertri snertiskynjun á neðri útlimum og truflunum á taugaþráðum í þeim útlimum.

Ákærði var við rannsókn málsins yfirheyrður [...] 2024 sem sakborningur að gættum réttarfarsákvæðum. Brotaþoli hafði þá [...] sama mánaðar gefið skýrslu hjá lögreglu sem vitni og þá höfðu [...] þess mánaðar einnig gefið sams konar skýrslur D, C, og B.

II

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði frá því að hafa starfað sem rútubílstjóri hjá [...] á þeim tíma sem sakargiftir taka til og að hafa gert það frá árinu [...]. Hann hafi ekið fólki [...]. Í umrætt sinn hafi hann ekið fólki [...] og beygt til hægri við [...] er hann hafi [...]. Hann kveiki alltaf ljósinn í rútunni svo að fólk viti að hann sé að fara að stoppa og geti „græjað sig“ til að fara út. Þar sem hann hafi „pikkað þetta fólk“ hafi hann vitað að þarna ættu að vera að minnsta kosti tvær eða þrjár manneskjur. Hann hafi stöðvað rútuna rétt hjá bílastæðinu svo að fólk þyrfti ekki að labba langt, þó að hann stöðvi oftast á stoppistöðinni. Hann hafi stöðvað og opnað hurðarnar og rétt áður en hann hafi gert það hafi hann litið aftur fyrir sig og eingöngu séð einn mann gera sig reiðubúinn að fara út, þ.e. D. Hann hafi engu að síður opnað báðar hurðarnar þar sem hann hafi vitað að það ættu að vera tvær til þrjár manneskjur þarna. Hann hafi beðið eftir að D færi út að framan og verið kominn frá bílnum, þá kíkt aftur fyrir sig á nýjan leik og beðið eftir að hurðarnar lokuðust og kíkt í hliðarspegilinn eftir bílum. Þegar hann hafi verið byrjaður að aka hægt og rólega af stað hafi hann heyrt öskur og auðvitað stöðvað strax og í kjölfarið séð brotaþola liggja við rútuna.

Hann kvaðst ekki alltaf vita hver fari hvar út, en muni sirka tölur. Hann kvaðst þekkja brotaþola og hafa [...]. Hún hafi oftast setið framarlega og þau oft spjallað, en stundum hafi hún setið aftar ef hún þekkti einhvern. Það hafi því verið óvanalegt að hún sæti svona aftarlega. Hún sé smágerð, lítil og þægileg manneskja sem fínt sé að tala við. Hann bar um að hafa sótt brotaþola [...] í umrætt sinn og að hún hafi komið inn á þessum stað, en gat þess þó í því samhengi að hann æki það mörgu fólki að hann leggi ekki alveg allt á

minnið. Þetta séu um 20 stoppistöðvar og því sé erfitt að hafa tölu á þessu. Hann hafi þó ekki vitað af henni í rútnni og viti almennt ekki nákvæmlega hverjir séu meðferðis og hverjir ekki. Hann hafi þó alltaf verið með sirka tölu á fjölda farþega, en mjög margir fái far heim til sín þar sem það muni svo miklu að komast fyrir heim. Oftast hafi fólk verið staðið upp þegar hann hafi stöðvað bifreiðina til að tefja ekki fyrir öðrum. Brotapoli hafi almennt farið hér og þar út, oftast við [...] vegna nálægðar við heimili sitt, stundum við [...] og stundum á þessum stað.

Þá sagði hann D hafa verið í miðri rútnni og farið fremur hægt út og verið kominn út að bíl þegar ákærði hafi ekið af stað. Þegar D hafi gengið út hafi hann byrgt sýn ákærða sem hafi því eingöngu séð D. Allan þann tíma sem D hafi verið á leið út úr rútnni hafi brotapolí greinilega enn verið á leið út þrátt fyrir það hvar hún hafi setið. Það hafi verið óvenjulega langur tími fyrir hana að fara út, þar sem oftast sé það fólk sem sitji aftast fljótast út þar sem styst sé fyrir það að labba. Það gerist reglulega og of oft að fólk láti vita ef það fer seint út eða gleymir sér. Ekki hafi heyrst neitt frá neinum fyrr en ákærði hafi verið byrjaður að aka af stað. Þegar hann loki hurðunum viðhafi hann alltaf sömu rútnu, hann ýti á takkann og bíði þar til hurðin fari í hurðarfalsið og taki svo hægt og rólega af stað. Því standist ekki að hann hafi keyrt með hurðina opna þar sem svo mikið högg kæmi á tjakkinn og hurðina að það færi ekki framhjá neinum. Hann viti að hurðarnar hafi verið lokaðar þar sem hann sjá fremri hurðina en ekki þá aftari. Þær eigi að vera samstilltar. Þá sé ekki hægt að opna rútna á ferð, en mögulegt sé að taka af stað með opna hurð.

Ákærði kvaðst hafa ekið þessari rútnu í mörg ár, hún hafi verið orðin gömul, sé árgerð 2006 eða 2007, og ekin um 900.000 km. Byrjað hafi verið að sjást á henni og [...]. Hann viti ekki hvar hafi verið gert við hana en hún hafi ekki verið söm eftir það. Þeir bílstjórnarnir hafi tekið eftir því að öryggisventill, sem eigi að gera það að verkum að ef hurðin lokist á einhvern þá opnast hún aftur, hafi ekki verið í þessari rútnu, það hafi verið búið að taka hann af. Hann hafi verið búinn að láta yfirmann sinn vita, sem hafi greint honum frá því að hann væri „að vinna í því“ án þess að nokkuð hafi verið gert. Hurðin hafi enn verið í ólagi þegar atvikið hafi átt sér stað. Almennt hefði hún átt að opnast strax ef hún lokaðist á einhvern, en í þessu tilviki hafi hún haldið áfram að þvinga og að lokast. Aftur á móti hefði fremri hurðin opnast aftur ef það væri fyrirstaða eða hurðin verið skökk. Öryggisrofi eigi að koma í veg fyrir að einhver geti klemmst, en þessi búnaður hafi ekki verið virkur í aftari hurðinni.

Hann hafi sótt rútna í viðgerð til [fyrirtæki] og hafi haldið að þeir væru að gera við hana, en hafi ekki haft hugmynd um hver hafi gert við hana. [Fyrirtæki] sjái auðvitað um [...] en geri ekki sjálfir við. Þegar hann hafi sótt rútna þangað hafi hann haldið að þeir hafi „akkúrat“ verið að gera við þetta því þeir hafi átt eitthvað við hurðina, þ.e. þetta öryggisatriði, en þá hafi þeir bara verið að stilla hraðann á hurðinni því hann hafi heldur ekki verið í lagi þar sem hurðarnar eigi að vera samstilltar. Hann sjálfur hafi bara verið starfsmaður sem hafi sótt bílinn í viðgerð og svo farið með hann í skoðun. Eftir þessar viðgerðir hafi síðar komið í ljós að þetta væri enn í ólagi en bíllinn samt verið notaður. Þá hafi líka átt að vera flauta sem varaði við því ef tekið væri af stað með dyr opnar en hana hafi líka verið búið að taka úr sambandi eftir árekstur þar sem hún hafi verið síflautandi. Því hafi hún ekki virkað.

Ákærði sagði lýsingu hafa verið í rútnu, sem þó hafi verið slæm þar sem sumar perur hafi vantað, en hann séð þegar fólk stæði upp til að „græja sig“. Hann hafi lagt í vana sinn að hafa ljós kveikt innanbæjar svo fólk gæti „græjað sig“ svo það vissi að það væri að fara út, en slökkt þegar hann æki utan bæjar. Hann hafi horft í spegil, en stærri speglar væru á nýrri bílum. Engin lýsing væri utan rútnunnar eins og væri á sumum nýrri bílum. Einhver LED-lýsing væri þó í stiganum svo að fólk sæi þar til, en þangað hafi hann ekki séð. Þá hafi lýsingin úti ekki verið góð, en hann hafi stöðvað við ljósastaur. Úti fyrir hafi verið flott veður og að því er hann minnti þurrt, en niðamyrkur. Aðspurður kvað hann ekki hafa verið kveikt á ljósi í mælaborðinu sem segi til um hvort hurð sé opin, þar sem það slökkvi á sér þegar hurð komi í falsið, þannig hafi það að minnsta kosti verið í minningunni. Hann hafi þó ekki horft á ljósið, heldur í kringum sig og fremur eftir því hvort fremri hurðin væri lokuð sem væri á sama tíma og afturhurðin. Eftir atvikið hafi hann nokkrum sinnum kíkt á brotþola, hringt nokkrum sinnum í hana og boðist til þess að hjálpa til við [...]. Einhverjum vikum síðar hafi verið eins og hún hafi ekki viljað tala við hann er hann hafi haft samband við hana.

Aðspurður um hvort hann hefði einhverja skýringu á hvernig þetta hafi atvikast kvaðst hann hafa hugsað mikið um það og ekki hafa getað sofið vegna þessa, en ekki vitað fyrir en tekin hafi verið af honum lögregluskýrsla að brotþoli hafi setið við útgönguleiðina þaðan sem bara eitt skref hafi þurft til að komast í stigaganginn. Hefði hún setið alveg aftast, þá hefði hann alltaf séð hana labba, en hann hafi aldrei séð hana þar sem hún hafi verið. Þegar hún hafi staðið upp og tekið þetta eina skref hafi hún verið komin í blindan punkt í stigaganginum, strax í fyrsta þrepi. Hún hefði átt að vera komin út á undan D, en

hefði samt verið töluvert lengur en hann. Því miður hafi hann aldrei séð hana og aldrei ætlað að gera þetta. Myndavélar séu í mörgum rútum, en ekki í þessari. Hann kvaðst oftast bíða eftir að fólk væri komið frá rútunni áður en hann tæki af stað. Hann telji að ef allt hefði verið í lagi í rútunni og hann klemmt brotaþola hefði hurðin opnast og hann vitað af því. Þarna hafi ekkert látið hann vita og hann ekið af stað.

Hvað varði viðgerðir á rútunni, þá hafi hann sjálfur ekki séð um þær heldur látið eiganda fyrirtækisins vita af bilunum þó að oft hafi ekkert gerst í kjölfarið. Þá hafi hann ekki verið í aðstöðu til að gera neitt, ekki verið yfirmaður, heldur einungis óbreyttur rútubílstjóri sem hafi haldið áfram að aka. Hann sjálfur hafi ekki átt í samskiptum við [fyrirtæki], [...] eða [...], það hafi K, séð um, og því ekki verið í neinum samskiptum við [fyrirtæki] fyrr en hann hafi sótt rútuna. Eftir slysið hafi notkun hurðarinnar verið bönnuð af öryggisfulltrúa hjá [...] og ekki hafi verið búið að gera við hana þegar hann hafi hætt akstri hjá [...]. Verið geti að [...] maður að nafni L hafi verið í sambandi við [fyrirtæki]. Hann og K hafi verið í mestum samskiptum við það fyrirtæki. L sé fremur [...].

Þá bar ákærði um að hafa eitt sinn lent í árekstri á rútunni þar sem ekið hafi verið á hurðina og hafi notkun rútunnar í kjölfarið verið hætt um tíma. Svo hafi hún verið tekin aftur í notkun og þá [...] og það hafi verið þá sem hún hafi farið í viðgerð hjá [fyrirtæki]. Ákærði hafi sjálfur látið K vita, í fyrstu að hurðin léti illa þar sem hún skellti og væri ekki samstillt. Svo seinna hafi þeir komist að því að þessi öryggisrofi sem hafi átt að slá út virkaði ekki, en alltaf verið sagt að „við græjum þetta“. Hurðarnar hafi síðan verið samstilltar hjá [fyrirtæki], en síðar hafi þeir tekið eftir því að þessi útsláttarrofi, sem eigi að koma í veg fyrir að einhver geti klemmst á milli, hafi ekki virkað. [Fyrirtæki] hafi lagað hurðina og [...] og hann sjálfur sótt bílinn þangað og verið sagt að þeir hafi eitthvað lagað hurðina. Hún hafi svo verið orðin betri, samstillt og ekki skellst. Svo hafi hann farið með rútuna í skoðun og hún fengið fulla skoðun. Það þurfi eiginlega tvær manneskjur til að sjá að hurðin virki ekki því að það þurfi einhver að vera fyrir. Eftir að rútan hafi komið úr viðgerð frá [fyrirtæki] hafi hún farið aftur í notkun og þá hafi flautan ekki verið í sambandi. Ákærði, og líklega einnig aðrir bílstjórar, hafi látið yfirmanninn vita að hurðin virkaði ekki sem skyldi áður og eftir að hún hafi komið úr viðgerð hjá [fyrirtæki]. Fyrst að hún skelltist, en svo seinna hafi þeir tekið eftir því að hurðin væri að þvinga og því hafi hann aftur látið vita af því að eitthvað væri að henni.

Þá bar ákærði að hann og lögreglumaður M hefðu hist [...] 2024 til að skoða rútuna, sbr. skýrslu um þá skoðun sem rakin hefur verið í kafla I þessa dóms. Þegar borinn var

undir hann hluti skýrslunnar sem bæri með sér að ákærði hefði haft þær upplýsingar að þessi skynjari hefði verið tekinn úr sambandi kvað hann skynjarann örugglega ekki hafa verið í sambandi, en að hurðin hefði verið betri eftir á þar sem hún hefði verið stillt hjá [fyrirtæki]. Þegar hann hafi sótt bílinn hafi hann því miður vitað að þótt það væri fyrir- staða í hurðinni myndi hurðin lokast.

Í lok aðalmeðferðarinnar óskaði ákærði eftir að gefa viðbótarskýrslu. Við það tilefni var honum kynnt að hann hefði greint frá því í skýrslugjöf hjá lögreglu að viðgerðarmenn hefðu sagt honum að einhver rofi væri beintengdur til að fá hurðina til að lokast en hún virkaði ekki þannig en hún opnaðist ekki sjálfkrafa þegar viðnám væri við lokun á henni. Er hann var spurður hvort hann myndi eftir því hvaða viðgerðarmenn hefðu sagt það við hann eða hvort hann myndi eftir því að honum hafi verið sagt þetta bar hann um að halda að það hefði verið F en hafði það ekki alveg á hreinu. Hann hafi bara verið svo ánægður með að hurðin hafi verið komin í lag svo að hún skellti ekki, en hafi ekki gert sér grein fyrir að hin bilunin væri svona alvarleg. Hann hafi haldið að þeir hafi verið að laga þessa hurð en viti núna að þeir sjái bara um [...] en ekki viðgerðir. Staðfesti ákærði þó að einhver hafi greint honum frá því sem eftir honum hafi verið haft úr skýrslugjöf hans hjá lögreglu og nefndi í því sambandi L, K, eiganda [...], eða mann að nafni N, án þess að geta staðfest hver það hafi verið.

Þá var ákærði á nýjan leik spurður út í þau atriði sem hann hafi greint frá við skoðun hans og lögreglumanns M á rútunni [...] 2024, sbr. kafla I í þessum dómi, og kvað það sama eiga við um frásögn hans af því tilefni við lögreglumann M, þ.e. að hann hafi vitað þegar hann hafi sótt rútuna til [fyrirtæki] að einhver nemi eða skynjari, sem skynji fyrir- stöðu, hafi verið tekinn úr sambandi. Einhver hafi sagt honum þetta, án þess að hann vissi hver. Það hafi átt að laga þetta, en honum hafi ekki fundist það stórvægilegt á meðan hurðin virkaði, þótt þetta væri auðvitað öryggisatriði. Þá hafi hann nokkrum sinnum farið til [fyrirtæki] og nefndi í því sambandi meðal annars til þess að færa rútuna. Hann kvaðst minna að hafa sótt rútuna með L sem hafi komið á öðrum bíl en hann sjálfur frá [...], en kvaðst óviss um það. Hann muni þó vel eftir að hafa að minnsta kosti sjálfur sótt hana og að hafa einn farið með hana í skoðun. Honum hafi verið sagt frá því að öryggisrofinn hafi ekki virkað, en kvaðst ekki muna hver hafi sagt honum frá því. Það hafi verið á þeim tíma sem hann hafi sótt rútuna eða stuttu eftir það. Hann hafi í fyrstu haldið að hurðin væri í lagi, en svo verið látinn vita af því að svo væri ekki. Hann hafi haldið að sett yrði út á þetta í skoðun, en þetta hafi ekki verið skoðað.

Fyrir dómi *greindi brotþoli* frá því að hafa á þessum tíma [...]. Hún hafi verið að koma [...] um kl. 1 eftir miðnætti. Hún hafi verið farþegi í rútunni og farið út að aftan á fyrstu stoppistöð eftir að [...]. Hún hafi setið í sæti fyrir framan afturdyrnar. Þegar hún hafi verið að stíga út hafi rútan farið af stað og hurðin lokast á hana og hún dottið út. Hún hafi borið fyrir sig bakpoka sem hún hafi verið með. Það næsta sem hún hafi vitað hafi verið að afturhjóllum rútunnar hafi verið ekið yfir báða fætur hennar. Rútan hafi þannig farið af stað þegar hún hafi verið að labba út og í leiðinni hafi hurðin lokast á hana og hún dottið.

Nánar aðspurð um hvort hún hafi dottið við það að rútan hafi farið af stað bar hún um að það hljóti að hafa verið eitthvað í þá áttina. Hún hafi dottið vegna þess að rútan hafi tekið af stað en í leiðinni hafi hurðin rekist á hana þannig að hún telji þetta hafa verið samspil þessara atriða. Henni hafi þannig fundist rútan vera komin af stað þegar hún hafi verið að stíga út en líka upplifað að hurðin færi á hana. Hún hafi verið að stíga skrefið út og fundist hún vera með annan fótinn í rútunni. Kvaðst hún ekki hafa tekið eftir því að rútan hafi tekið óvenju hratt eða óvenju hægt af stað og greindi hún í skýrslugjöfinni frá því að hún væri [...] á hæð.

Þá bar brotþoli um að það hafi „allir farið út á undan“ henni og hún verið síðust, en hún taldi sig ekki hafa verið seina fyrir þó að hún hafi setið nálægt hurðinni. Kvaðst hún ekki gera sér grein fyrir hversu margir hafi farið út, það væri misjafnt, en telja þau hafa verið á bilinu fjögur til sjö, án þess að geta sagt hverjir það hefðu verið. Hún kvað alla hafa verið í runu þar sem ekki kæmust allir í einu. Þá greindi hún frá því að hafa sjálf rokkað á milli stoppistöðva, en aðallega farið út á þremur stöðvum, þ.e. við [...], [...] og svo á þessum stað. Síðustu árin sjálfsagt oftast á þessum stað, en hún væri þó örugglega sú sem mest hefði rokkað á milli stöðva. Þá kvaðst hún halda að ákærði væri örugglega sá bílstjóri sem oftast hefði ekið henni.

Henni hafi aldrei fundist mikil lýsing í rútunni og kvaðst hún ekki muna hvort ljósin hafi verið kveikt í umrætt sinn, en fundist vera myrkur. Fyrir utan hafi verið ljósastaur eiginlega á þeim stað sem hún hafi dottið, en þó myrkur úti enda [...]. Þá staðfesti hún með vísan til myndar í málsgögnum hvar atvikið hefði hent og greindi frá því að hún hefði horft á bílinn sinn þegar hún hefði legið í götunni.

Aðspurð um afleiðingar atviksins kvaðst hún ekkert farin að vinna, nema að hún væri líka [...] og gerði heima í rólegheitum með mannum sínum það sem gera þyrfti, en hún

hafi alltaf verið [...]. Við atvikið hafi hún meðal annars brotnað á báðum fótum og lýsti hún auk þess nánar áverkum sínum.

Við aðalmeðferð málsins staðfesti *fyrirum lögreglumaður O* að hafa ritað frumskýrslu málsins. Við komu á vettvang hafi þrír menn staðið í kringum brotaþola og hlúð að henni. Hafi hann rætt við brotaþola sem kvartað hafi undan áverka á fæti sem hann hafi skoðað og séð mikið sár. Hann hafi hlúð að henni þar til sjúkraflutningamenn hafi komið á staðinn. Láðst hafi að gæta réttarfarsákvæða gagnvart þeim sem rætt hafi verið við, en öll vitni borið á sama veg, þ.e. að brotaþoli hafi ekki verið komin út úr rútunni að aftan þegar hurðin hafi lokast á hana með þeim afleiðingum að hún hafi fallið í jörðina og rútunni verið ekið yfir löppina á henni. Þegar lesið var upp úr frumskýrslunni fyrir lögreglumanninn að hann hefði rætt við vitnin C, D, B og E sem orðið hafi vitni að slysinu og að framburður þeirra allra hafi verið sá sami, sá að brotaþoli hafi verið að fara út úr rútunni um aftari hurðina þegar rútan hafi tekið af stað og hurðin lokast á brotaþola með þeim afleiðingum að hún hafi fallið í jörðina og rútunni verið ekið yfir fætuna á henni, kvað hann það vera rétt eftir þeim haft. Allir fjórir hafi lýst því að hafa orðið vitni að slysinu og kveikt hafi verið á upptöku á búkmyndavél á meðan.

Lögreglumaður M skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi séð um rannsókn málsins en ekki komið á vettvang. Staðfesti hann að hafa unnið skýrslur um skoðun á rútunni [...] 2024, að ákærða viðstöddum, og meðal annars upplýsingaskýrslu um samskipti við F hjá [fyrirtæki] og um samskipti við Samgöngustofu. Aðspurður kvað hann ekki hafi komið til skoðunar að taka skýrslu af eiganda rútufyrirtækisins, að hafa samband við bílaverkstæðið [...] eða að komast að því hver sá [...] maður hafi verið sem F hjá [fyrirtæki] hafi verið í samskiptum við vegna bilunar á rútunni.

Aðspurður um skoðun sína á hóp bifreiðinni og skýrslu um hana greindi hann einkum frá því að við skoðunina hafi rofi sem hafi átt að gera það að verkum að aftari hurðin opnaðist aftur við viðmót ekki verið virkur. Hurðin hafi því haldið áfram að lokast. Fremri hurðin hafi aftur á móti verið í lagi þannig að hún hafi stoppað og opnast aftur við viðnám. Þá hafi hann mælt þann tíma sem tekið hafi hurðarnar að lokast, sem báðar hafi gert það á fjórum sekúndum frá því að ýtt hafi verið á takka. Ákærði hafi verið með lögreglumanninum við skoðunina og þeir mælt sér mót við [...] til að skoða rútna. Auk þessarar bilunar hafi gaumbjalla, nokkurs konar ýla, í mælaborði verið aftengd, en hún hafi átt að láta vita ef dyrnar væru opnar þegar ekið væri af stað. Ákærði hafi tjáð

lögreglumanninum að hún hafi ekki virkað. Þá hafi vantað peru eða ljós í afturtröppurnar, svo sem verið hefði um langan tíma. Lögreglumaðurinn hafi prófað að halda við afturhurðina þegar henni hafi verið lokað. Við það hafi hurðin smám saman aukið þrýsting og svo lokast snögg þegar henni hafi verið sleppt. Unnt hafi verið að halda við hurðina í smá tíma, en þrýstingur alltaf aukist og hurðin þannig reynt að lokast.

Þá var borinn undir lögreglumanninn sá hluti skýrslunnar um skoðun hans og ákærða á rúttunni sem bar með sér frásögn ákærða um vitneskju hans um hinn bilaða öryggisrofa afturhurðarinnar er hann sótti rúttuna til [fyrirtæki], sbr. kafla I dómsins. Bar lögreglumaðurinn um að þeir ákærði hefðu átt samtali þessa efnis þegar þeir hefðu skoðað rúttuna. Ákærði hafi talað um þennan rofa sem hafi verið bilaður sem hafi valdið því að ekki hafi verið hægt að loka hurðinni, en með því að taka hann úr sambandi hafi hurðin lokast. Hann hafi greint frá því að þessi rofi, sem opni hurðina við viðnám, hafi verið tekinn úr sambandi. Það hafi verið gert vegna einhvers „pickles“ í honum sem hafi valdið því að ekki hafi verið hægt að loka hurðinni. Ekki sé vitað hver hafi tekið hann úr sambandi og hafi ákærði ekki getað greint frá því og ekki verið viss um hvort eigendurnir hefðu gert það eða einhver annar.

Þá staðfesti lögreglumaðurinn framburð ákærða við skýrslugjöf á rannsóknarstigi, sem lögreglumaðurinn var viðstaddur, um að skynjarinn hefði ekki virkað þannig að hurðin opnast við viðnám, heldur hefði haldið áfram að lokast. Einnig að ákærði hefði þá greint frá því að hafa verið sá sem hefði sótt rúttuna úr viðgerð og að hafa þá sagt viðgerðarmenn hafa sagt sér frá þessari bilun. Ákærði hefði látið eiganda fyrirtækisins, K, vita af þessu.

D, sem var farþegi í rúttunni [...] 2024, bar um það fyrir dómi að rúttan hefði stoppað í umrætt sinn og hann farið út úr henni að framan eins og hann geri alltaf. Er hann hafi verið kominn aðeins frá rúttunni hafi hann litið til baka þar sem honum hafi þótt skrytið að brotþoli væri ekki kominn út, en hann ekki séð hana. Svo hafi hann gengið örlítið lengra í átt að bílnum sínum og aftur litið til baka og þá hafi hann séð hana koma út úr rúttunni, eða að minnsta kosti vera komna í dyragættina og verið að fara að stíga út. Kvaðst hann halda að hann hafi verið kominn um tíu metra frá rúttunni þegar hann hafi horft til baka og myrkur verið úti. Þetta hafi gerst hratt og fyrir nokkru síðan, en þegar hún hafi verið búin að stíga með aðra löppina á malbikið hafi rúttan virst vera að fara af stað. Hún hafi ekki verið komin út úr bílnum og að því er vitnið minnti hafi hún strax kallað að svo væri, allavega kallað eitthvað. Við það að rúttan hafi farið af stað þegar

brotapoli hafi bara verið komin með aðra löppina á malbikið hafi „náttúrulega“ snúist upp á hana. Kvaðst hann halda að nokkurn veginn í kjölfarið hafi hurðin líka byrjað að lokast sem hafi orðið til þess að hún hafi fallið þegar hún hafi verið að fara út. Stiginn að aftanverðu sé brattur og alltaf hætta á að detta í honum og þar sé engin lýsing. Þá hafi verið myrkur úti og hafi honum fundist sem ljósin í rútunni hafi ekki verið kveikt. Hann kvaðst minna að kveikt hafi verið þegar hann sjálfur hafi gengið út, en ekki vera viss um hvort svo hafi verið þegar brotapolí hafi farið út þar sem rúðurnar hafi verið dökkar og léleg eða í raun engin lýsing við afturhurðina. Það hafi verið algengt hjá þessum bílstjóra að bíllinn hafi verið farinn af stað eða að fara af stað áður en hurðinni hafi verið lokað.

Nánar spurður um hvort hafi gerst á undan, að rútan hafi hreyfst eða hurðin farið í brotapola, kvaðst hann nokkuð viss um að rútan hafi verið farin örlítið af stað, sem hafi snúist upp á brotapola, en hurðin hafi líka verið farin að lokast og farið í brotapola. Litla hreyfingu þurfi til að það geti snúist upp á hana þar sem hún hafi ekki verið komin alla leið og hún hafi dottið við það að rútan hafi farið á smá hreyfingu. Svo hafi hurðin verið nálægt henni líka og farið í öxlina á henni. Staðfesti D svo einnig að það væri rétt eftir honum haft við skýrslugjöf hjá lögreglu að þegar brotapolí hafi verið komin með annan fótinn út úr rútunni og henni verið ekið af stað hafi brotapola skrikað fótur og svo hafi hurðin farið utan í hægri hlið hennar, hægri höndina og öxl, sem orðið hafi til þess að hún hafi snúist og dottið. Hurðin hafi ekki verið farin af stað, rútunni hafi verið ekið af stað og hurðin hafi þess vegna farið utan í brotapola með fyrrgreindum afleiðingum. Aðspurður um hvort þetta væri að rifjast upp kvaðst hann ekki vera alveg öruggur með þetta. Brotapoli hafi allavega verið búin að stíga út og rútan verið lögð af stað, en hann kvaðst ekki með 100% vissu geta sagt að hurðin hafi líka verið byrjuð að lokast á brotapola og ekki geta staðfest það. Þetta hafi gerst mjög hratt svo hann geti ekki sagt þetta með 100% vissu. En hurðin hafi ekki farið strax af stað því það taki alltaf tíma fyrir þessar hurðar að opnast og lokast þegar búin sé að ýta á takkann. Þannig geti vel verið að hún hafi ekki verið farin að hreyfast neitt. Kvaðst hann þó 100% viss um að brotapolí hafi verið búin að stíga með annan fótinn út úr rútunni og þá hafi rútan byrjað að fara af stað. Einnig að hurðin hafi farið utan í brotapola.

Þá bar hann um að hafa sjálfur alltaf stoppað á þessari stoppistöð og lagt bílnum sínum þar. Brotapoli hafi oft líka notað hana til að flýta fyrir sér svo hún þyrfti ekki að [...]. Hann kvaðst telja einungis þau tvö hafa farið út úr rútunni þarna og halda að brotapolí hafi alltaf farið út að aftan. Mundi hann ekki til þess að hún hefði farið út að framan.

Hann hafi litið aftur fyrir sig eftir brotaþola vegna þess að hann hafi vitað af henni í rútunni þar sem hún hafi setið rétt hjá honum, auk þess sem bíllinn hennar hafi verið á stæðinu. Hann kvaðst ekki vita til þess að hún hafi verið búin að láta einhvern vita að hún ætlaði þarna út. Þá hafi hann ekki tekið eftir neinu óvenjulegu við ökumanninn þegar hann hafi farið út úr rútunni. Verið geti að hann hafi litið eitthvað á símann sinn, en langt sé um liðið.

C bar um það við aðalmeðferðina að hafa einnig verið farþegi í rútunni [...] 2024. Hann hafi setið frekar aftarlega og hafi ekki orðið var við neitt fyrr en hann hafi heyrt óp og litið út og séð D veifa og garga. Hann hafi setið fyrir ofan afturhjólina og fundið rútuna fara yfir eitthvað. Svo hafi rútan stöðvast og hann farið út að hlúa að brotaþola. Hann kvaðst muna eftir henni í rútunni fyrir atvikið. Hún hafi örugglega komið upp í hana á eftir honum og setið nokkrum sætaröðum frammar. Hann sjálfur hafi örugglega setið á næstaftasta eða þriðja aftasta bekk. Atvikið hafi hent beint fyrir framan bílastæðið við [...]. D hafi farið út að framan, en brotaþoli að aftan. Hann hafi svo sem ekki verið að fylgjast með því en vita það eftir á. Kvaðst hann ekki muna hvort ljósin í rútunni hefðu verið kveikt. Bar hann einnig um að í minningunni hefði þessi stoppistöð verið stoppistöð brotaþola. Hann kvaðst ekki átta sig á því hvort brotaþoli hefði farið út á sama tíma og D eða seinna þar sem hann hafi ekki verið að fylgjast með en kvaðst halda á svipuðum tíma þar sem D hafi ekki verið kominn langt frá rútunni þegar C hafi litið upp úr símanum. Þó hafi hann verið kominn aðeins af stað, kannski átta til tíu metra frá rútunni.

Aðspurður um það sem greindi frá í frumskýrslu um að lögreglumaður O hafi rætt við vitnið, D, B og E á vettvangi og að framburður þeirra allra hafi verið sá sami, á þann veg að brotaþoli hafi farið út úr rútunni um aftari hurðina þegar rútan hafi tekið af stað og hurðin lokast á hana með þeim afleiðingum að brotaþoli hafi fallið í jörðina og rútunni verið ekið yfir fætur hennar, kvaðst hann ekki muna eftir að hafa séð brotaþola fara út og ekki muna hvað sér og lögreglumanninum hafi farið á milli. Hann myndi að minnsta kosti ekki eftir því að hafa séð brotaþola fara út. Aðspurður með vísan til skýrslugjafar hans hjá lögreglu í byrjun [...] 2024, um að D hafi farið út að framan en brotaþoli út að aftan og að hún hafi verið örlítið sein að fara út úr rútunni, kvaðst vitnið hafa gert ráð fyrir því að hún hafi verið sein þar sem D hafi verið kominn það langt frá rútunni þegar hann hafi kallað. Það hafi því verið hans upplifun. Hann kvað á hinn bóginn geta verið að brotaþoli hafi líka kallað en sagðist ekki vera viss um það. Loks staðfesti C, með vísan til þess sem hann hafði borið um í skýrslu hjá lögreglu, að ákærði hafi kveikt ljósin í

rútunni þegar hann hafi beygt [...] og að ljósin í rútunni hafi verið kveikt þegar rútan hafi verið stöðvuð til móts við bílastæðið. Hafi hann sagt þetta við þá skýrslugjöf hafi það örugglega verið hans upplifun hans þá.

B kvaðst við aðalmeðferð málsins hafa orðið vitni að slysi er hann var farþegi í rútunni [...] 2024. Hann hafi setið fyrir henni miðri, stutt frá útganginum þar sem brotaþoli hafi farið út. Hann hafi orðið var við það að D hafi farið fyrstur út, en varla litið upp úr símanum og verið með airpods í eyrunum. Svo hafi hann orðið var við það út undan sér að brotaþoli hafi farið út, en kvaðst ekki muna þetta í smáatriðum. Hann hafi bara orðið var við að einhver labbaði í rútunni og þá væntanlega á leiðinni út, eða inn. Hann hafi verið meðvitaður um að hún hafi verið að fara út um aftari útganginn, en ekki þelt meira í því fyrr en eitthvað hafi verið í gangi. Hann hafi heyrt í D og brotaþola fyrir utan rútna og þá sjálfur kallað á bílstjóran að stoppa. Hann hafi heyrt á D að eitthvað væri að, eða að D hafi kallað stopp og hann sjálfur þá framlengt það. Hann kvaðst þó ekki muna þetta betur en svo. Hann kvaðst heldur ekki geta sagt að hann myndi hvað hann hafi heyrt og ekki hafa hugmynd um hvort brotaþoli hafi verið von að fara út á þessari stoppistöð. Þá kvaðst hann ekki geta fullyrt um hvort ljósin í rútunni hafi verið kveikt.

Aðspurður um skýrslu sem tekin hafi verið af honum hjá lögreglu [...] 2024, hvar hann hafi farið yfir hvað hann hafi upplifað þennan dag og meðal annars greint frá því að hafa setið í sætaröð fyrir aftan aftari útgang, kvaðst hann fyrir dómi ekki hafa setið þar, heldur fyrir miðri rútu og ekki sömu megin og útgangurinn. Kvaðst hann ekki muna hvort hann hefði setið aftan aftari útgangsins eða ekki. Með vísan til sömu skýrslugjafar, hvar hann hafi borið um að hurðin hafi lokast á brotaþola þannig að hún hafi fallið, kvað B það geta hafa gerst þannig. Hann hafi borið á þann veg um mánuði eftir slysið og því hafi hann örugglega verið nokkuð viss um að þetta hafi gerst þannig. Hann hafi séð brotaþola út undan sér en ekki verið með sjónlínu á hana fara út eða í dyragættina. Hafi hann verið með sjónlínu, þá hafi hann allavega ekki verið að horfa en samt allavega talið sig hafa haft þessar upplýsingar og hafa séð þetta. Núna, löngu síðar, væri hann ekki nálægt því jafn öruggur um það. Ástæða þess að hann hafi borið svona á þessum tíma hafi aftur á móti ekki verið sú að hann hafi verið búinn að ræða við fólk á vettvangi.

Nánar aðspurður um skýrslugjöf sína hjá lögreglu með vísan til þess að hann hafi þá sagst hafa heyrt hana rekast utan í hurðina og falla út og hvort það gæti hafa verið þannig kvað B miklu líklegra heldur en að hann hafi verið með þetta í sjónlínu. Þá var honum einnig kynnt sú frásögn hans hjá lögreglu að rútan hafi verið kyrrstæð og svo verið ekið

snögglega af stað eftir að hurðin hafi lokast og hann var spurður hvort hann myndi hvort rúttunni hefði verið ekið af stað áður en hurðinni hefði verið lokað eða eftir það og þá kvað hann rúttunni hafa verið ekið af stað en hann hefði ekki verið með athygli á hurðinni þegar rúttan hafi farið af stað. Hann gæti því ekki sagt til um það, en kvaðst aðspurður telja sig hafa munað þetta betur við skýrslugjöf hjá lögreglu. Hann hafi örugglega talið sig hafa heyrt brotþola labba út og hurðina grípa hana og útskýrði að með því ætti hann við að hurðin hefði farið á hana. Hann hafi fremur heyrt það en séð, en kvaðst ekki geta gert greinarmun á því hvort hann sjálfur hafi heyrt það eða frá öðrum eftir að út hafi verið komið. Þá kvaðst hann telja það ólíkt sér, sbr. skýrslugjöf hans hjá lögreglu, að hafa sagt að rúttunni hefði verið ekið um tíu metra eftir að hafa tekið af stað en að í þeirri skýrslugjöf hafi hann með því orðalagi að mekanisminn hafi virkað rétt átt við að hurðin hafi opnast og lokast.

Við aðalmeðferð málsins bar *F*, [...] *hjá* [*fyrirtæki*], um að gert hafi verið við framhorn rúttunnar hjá fyrirtækinu. Skipt hafi verið um framhurðina, ljósið og hornið á stuðaranum, en að auki klárað að [...] á hægri afturhluta bílsins í kringum glerhurðina sem hafi brotnað. Aftur á móti hafi ekki verið skipt um þá hurð, heldur bara framhurðina.

Sá sem komið hafi með bílinn til þeirra, *L*, hafi sagt þeim að aftari hurðin lokaðist og opnast hratt og hafi því beðið þá um, þegar þeir ynnu í loftkerfinu í kringum framhurðina, að stilla aftari hurðina þannig að hún opnast og lokaðist hægar. Þeir hafi því stillt loftflæðið á þeirri hurð eftir viðgerðina á framhurðinni þannig að báðar væru í svipuðum fasa. Ekki hafi verið átt meira við afturhurðina og þegar bíllinn hafi farið frá þeim hafi hurðin opnast og lokast rólega og *L* hafi verið sagt frá því þegar hann hafi tekið bílinn að þeir hefðu stillt þetta. Þá hafi hann örugglega líka sagt við hann að einhver rafmagnssnúra inni í klæðningu hurðarinnar, sem gæti verið inniljós, væri ótengd, en kvaðst *F* ekki hafa vitað hvað hún gerði. *L* hafi sagst vita af því, en þeir ekki séð að það kæmi neinu við. *L* og annar yngri maður hafi svo sótt bílinn, kannski *N*. Kvaðst *F* muna að þeir hefðu talað um að hurðin hefði brotnað og að þeir hefðu verið búnir að setja nýja hurð í að aftan úr gleri. Hann mundi heldur ekki hvort það hefði verið ákærði sem hefði komið til að sækja rúttuna, en rifjaði upp að einhver strákur hefði komið þegar rúttan hefði orðið rafmagnslaus, án þess þó að reka minni til þess hver það hefði verið. Henni hefði verið gefið start og hún svo staðið óhreyfð í dálítinn tíma eftir viðgerð á planinu hjá [...]. [*Fyrirtæki*] hafi ekki átt við neitt annað tengt afturhurðinni en að stilla loftflæðið. Eftir það hafi hurðin opnast og lokast eðlilega og þeir ekki spáð meira í hurðina. Þeir hafi ekki

gert prófanir á því hvort hurðin lokaðist ef það væri fyrirstaða og ekki tekið neina slíka vinnu að sér.

Nánar aðspurður um það þegar rútan hafi verið sótt, með vísan til þess að ákærði hafi borið um það tvívegis á rannsóknarstigi að hafa sótt hana, þá bar F um að þessi [...] maður hafi allavega komið og ábyggilega ákærði, en það komi svo margir til þeirra, og þá hafi ákærði hjálpað til við að koma rútnni í gang. Þá var honum kynnt að þegar lögreglumaður og ákærði hafi skoðað rútuna saman [...] 2024 hafi ákærði greint frá því að þeir hafi verið í einhverjum vandræðum með að fá afturhurðina til að virka. Hurðin hafi alltaf verið að opnast aftur þegar reynt hafi verið að loka henni. Ákærði hafi sagst vera sá sem sótt hafi rútuna úr viðgerð fyrir nokkrum vikum síðan og þá hafi hann verið upplýstur um að einhver nemi eða skynjari sem skynji fyrirstöðu eða viðnám við lokun hurðarinnar hafi verið tekinn úr sambandi svo hægt væri að loka henni. Ákærði hafi svo sagst hafa farið með rútuna beint úr viðgerðinni og í skoðun hjá [...]. Eftir þessa kynningu greindi F frá því að þeir hefðu ekki tekið neitt úr sambandi og ekki átt við neitt. Ástæða þess að hurðin hafi lokast svo hratt hafi verið sú að hún hafi fjaðrað og rakti hann nánar ástæður þess. Það eina sem hafi verið gert vegna aftari hurðarinnar hjá [fyrirtæki] hafi verið að stilla hana á sama hraða og fremri hurðina. Þá hafi hún lokast rólega og lagst og svo ýst upp. Auk þess hafi þeim verið bent á lausa kapalinn í hurðarspjaldinu, sem hann sjálfur hafi ekkert spáð í hvað gerði.

Þá var F einnig kynnt að ákærði hefði borið um það við skýrslugjöf hjá lögreglu að það hefði verið vitað að skynjari sem ætti að skynja þegar fyrirstaða væri í lokun á hurðinni hefði ekki virkað. Hurðin hafi ekki opnast við viðnám heldur haldið áfram að lokast. Jafnframt að ákærði hafi sagst vera sá sem hafi sótt rútuna úr viðgerð. Hann hafi sagt viðgerðarmenn hafa sagt sér að einhver rofi/nemi hafi verið beintengdur til að fá hurðina til að lokast og hún virkaði þannig að hún opnaðist ekki sjálfkrafa þegar viðnám er við lokun á henni. Kvaðst F ekkert vita hvað hann væri að tala um. Eitthvað hafi verið að, hann hafi eitthvað spurt þá um eitthvað og hafi F sagt honum frá rafmagnskaplinum inni í hurðarspjaldinu sem líklega væri einhvers konar inniljós eða eitthvað sem ekki væri eins á milli árgerða. Þeir hafi bara stillt loftskrúfu sem stjórni hraðanum þannig að þær hafi gengið jafn hratt og svo upp í læsinguna, en ekki spáð meira í það og ekki haft vitneskju um að hurðin gæti mögulega verið biluð. Þeim hafi á hinn bóginn þótt afskaplega leiðinlegt að heyra af slysinu eftir á og því farið að hugsa um hvort það hefði átt að gera eitthvað. Nánar aðspurður um hvort hann hafi sagt bæði L og þeim sem sótti bílinn

með honum frá lausa kaplinum kvaðst F bara hafa sagt [...] manninum frá honum og sá sagst vita af honum.

G, [...]læknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri, staðfesti fyrir dómi efni tveggja læknisvottorða, dags. [...] 2024 og 20. ágúst 2025, sem hún ritaði undir ásamt öðru heilbrigðisstarfsfólki, sbr. kafla I þessa dóms. Hún kvaðst sjálf ekki hafa hitt brotþola, en hafa unnið vottorðin upp úr sjúkraskýrslum með lýsingum á aðgerðum og öðrum gögnum, svo sem læknabréfum. Svaraði hún við aðalmeðferðina spurningum um þau atriði sem fjallað er um í vottorðunum á grunni sérþekkingar sinnar og sem [...]læknir [...] á sjúkrahúsinu þar sem brotþoli hlaut þjónustu.

Beðin um að lýsa þeim áverkum og þeirri meðferð sem þar kæmu fram kvað hún áverkana alvarlega, með alvarlegustu áverkum á útlími. Húðin hafi rifnað frá undirlaginu og blóðrásin til húðarinnar rofnað. Það geti komið drep í mjúkvefi þar sem blóðrás sé ekki til staðar og hætta verið á vefjatapi. Þá hafi beinbrot verið undir, sem ekki hafi verið það tilfærð að opna hafi þurft og gera að þeim, heldur þau verið látin gróa. Á hinn bóginn hafi þurft og verið framkvæmd allsherjarmeðferð á húðinni til að koma í veg fyrir að hún dæi. Sárin hafi verið hreinsuð og brotþoli farið í umfangsmikla sárameðferð. Hún hafi farið í sex aðgerðir þar sem húðin hafi verið flutt þar sem drep hafi komið og notast hafi verið við fiskroð og „húðtransplant“ á þeim svæðum þar sem húðin hafi ekki „plummað“ sig. Bæklunarlæknir á vakt hafi tekið á móti henni, annar bæklunarlæknir hafi séð um fiskroðið og þriðji bæklunarlæknirinn hafi séð um „húðtransplantið“. Skurðlæknar hafi einnig komið að undirþrýstingsmeðferð. Þá kvað hún degloving áverka vera áverka þegar húð rifni frá, eins og hanski sem tekinn sé af. Loks kvað hún þá áverka sem greini í vottorðum hennar geta samrýmst þeirri lýsingu brotþola að hafa fallið út úr rútu og að ekið hafi verið yfir fætur hennar.

Læknirinn P [...] staðfesti fyrir dómi að hafa unnið vottorð, dags. 7. júlí 2025, þar sem teknar eru saman upplýsingar úr sjúkraskrá vegna meðferðar brotþola hjá [...] frá [...] 2024 til 12. maí 2025. Vottorðið sé samantekt úr sjúkraskrá að beiðni lögmanns brotþola, en læknirinn hafi sjálfur ekki hitt brotþola. Hann kvaðst ekki geta vottað alvarleika afleiðinga atviksins í dag og vísa til þess sem fram kæmi í vottorðinu á því tímabili sem það varðaði. Við komu á [...] 2024 hafi brotþoli verið með fleiri en eitt ökklabrot og degloving áverka, sem séu alvarlegir áverkar. Hvað óvinnufærni varðaði

staðfesti læknirinn auk annars með vísan til vottorðsins að atvikið hafi valdið óvinnufærni frá [...] 2024 til [...] 2025.

J, sérfræðingur í [...], bar við aðalmeðferð málsins um rannsókn sína á brotaþola 14. ágúst 2025. Hans aðkoma hafi verið að meta mögulega truflun á úttaugakerfi og hafi hann því einvörðungu metið áhrif á taugar brotaþola. Hann hafi skoðað hana þennan dag og framkvæmt tauga- og vöðvarit til að meta úttaugakerfið í neðri útlimum. Aðspurður um alvarleika áverkanna á brotaþola kvað hann oft erfitt að meta skemmd á taugum svo langt út í fótleggi með taugariti, en við skoðun hafi verið greinileg merki um truflun á skynjun á ítaugunarsvæði nokkurra úttauga á rist, undir fæti og miðlægt á fótlegg. Af þessu geti hlotist skynskerðing þegar truflunin verði á taugunum og einnig margvíslegir verkir. Langvarandi verkir geti verið alvarlegir. Rannsókn hans hafi á hinn bóginn ekki tekið til áverka á mjúkvefjum eða stoðkerfi og því hafi hann ekki lagt heildarmat á þá áverka sem brotaþoli kunni að hafa orðið fyrir. Um batahorfur vísaði læknirinn til þess að almennt hefði úttaugakerfið vissa eiginleika til að lagfæra sig sjálf. Taugar gætu gert það upp að vissu marki og helst mætti vænta framfara fyrsta árið, en svo hægðist á mögulegum framförum og meiri líkur væru á varanlegum skaða. Hann kvað vel mögulegt að þeir áverkar sem hann greindi hefðu komið fram vegna falls brotaþola út úr rútu sem hefði verið ekið yfir fætur hennar. Áverkar sem þessir gætu annað hvort komið fram sem afleiðing tog- eða kramningsáverka. Því gæti áverkamekanisminn stemmt við lýsingu brotaþola af atvikinu.

[...]læknirinn H, [...] við Sjúkrahúsið á Akureyri [...], bar við aðalmeðferð málsins um heilsu brotaþola og þá þjónustu sem hún þáði í endurhæfingunni [...]. Hún staðfesti að hafa ritað læknaþréf, dags. 19. mars 2025, og að meðferðin hafi verið veitt á tímabilinu [...] 2025 til og með [...] sama mánaðar.

Læknirinn hafi ekki verið aðalmeðferðaraðili brotaþola þó að hún hafi borið ábyrgð á meðferðinni. Ekki hafi komið til álita að brotaþoli breytti um lyf og því hafi læknirinn aðallega hitt brotaþola við komu og útskrift. Meðferð hennar hafi snúist um að reyna að endurheimta virkni og styrk og einkum lotið að nánar tilgreindum athöfnum með sjúkra- og iðjuþjálfun. Aðspurð með vísan til þeirra áverka sem lýst er í læknaþréfi læknisins hvort þeir gætu verið afleiðing þess að brotaþoli hafi fallið út úr rútu sem hafi verið ekið yfir fætur hennar kvað læknirinn svo vera, en gat þó í því samhengi um að hafa hitt brotaþola nokkru eftir atvikið en brotaþoli hefði hitt aðra lækna fyrr. Læknirinn hafi

einnig farið yfir gömul læknabréf og eins og læknirinn hafi ritað í bréf sitt hafi brotaþoli ökklabrotnað á báðum fótum og fengið alvarlega mjúkvefjaáverka á vinstri fótlegg, vegna dreps í húðinni, og hafi hún verið lengi á spítala vegna þess í [...] og [...] 2024. Þegar hún hafi komið til meðferðar [...] hafi sárin verið nýlega gróin og hún getað farið í sund, sem sé mikilvæg meðferð. Þá hafi hún einnig farið í gönguhóp. Við útskrift frá [...] hafi helstu einkenni brotaþola verið verkir og hæfniskerðing. Sjúkraþjálfari hafi tekið hana í göngupróf og hafi hún getað gengið lengur með stuðningi hækju og öðlast meiri styrk en fyrir, en í endurhæfingunni hafi verkir ekki batnað. Draumur brotaþola hafi verið að [...], en ekki hafi verið útlit fyrir að það gæti gerst á næstunni. Líti skaðinn út fyrir að vera varanlegur.

III

Mál þetta lýtur að nánar tiltekinni ætlaðri refsiverðri háttsemi ákærða, X, er hann sem ökumaður hleypti farþegum út úr hópferðabifreiðinni [...] laust eftir miðnætti aðfaranótt [...] 2024. Þegar brotaþoli, A, fór út um aftari útgang bifreiðarinnar féll hún í jörðina og slasaðist þegar bifreiðinni var ekið yfir báða fætur hennar. Að öðru leyti eru málsatvik ekki að öllu leyti óumdeild, sbr. síðari umfjöllun, og þá einkum um orsakir falls brotaþola. Ekki er deilt um áverka brotaþola.

Sýknukrafa ákærða í refsipætti málsins byggist í aðalatriðum á því að hann neitar refsiverðri sök þar sem hann hafi ekki sýnt af sér gáleysislega háttsemi og hafi sönnun þar um ekki tekist. Af hans hálfu er á því byggt að mörg atriði styðji að atvikið hafi verið óhapp sem ekki eigi rætur sínar að rekja til saknæmrar háttsemi hans, þar á meðal að hann hafi gert allt það sem sanngjarnt og eðlilegt var að ætlast til af honum. Hann hafi kveikt ljósi í farþegarými rúttunnar þegar farþegar yfirgáfu hana, að hann hafi af nokkrum ástæðum ekki átt möguleika á að sjá brotaþola á leið hennar úr bifreiðinni, brotaþoli hafi verið óvenju lengi á leið sinni út og ekki alltaf farið út á þessari stoppistöð. Sömuleiðis þar sem ákærði hafi sýnt aðgát þegar hann ók af stað, að rökrétt sé að ætla að brotaþoli hafi dottið þegar aftari hurðin skall á hana fremur en að hún hafi dottið við það að rútan tók af stað áður en hún var komin út og hurðin því orsakað slysið. Loks að ástandi afturhurðar rúttunnar, sem ekið hafði verið á veturinn áður, hafi verið um að kenna, þar á meðal að alvarlegur ágalli á öryggisbúnaði hennar hafi orsakað slysið, sem meðal annars hafi verið staðreynt við rannsókn lögreglu. Þá hafi rannsókn lögreglu um ástand hurðarinnar og viðgerðir á henni verið afar ábótavant, ákærði hafi látið yfirmann sinn vita af bilun hurðarinnar og hafi rútan verið færð til skoðunar af ákærða skömmu áður.

Við mat á sönnun gætir dómurinn að því á grunni 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, en regla þessi birtist einnig í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um sáttmálann nr. 62/1994. Þá er við það mat sem endranær einnig haft hugfast að samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Einnig að samkvæmt 109. gr. þeirra laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sönnunargögn. Þá er og til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Við meðferð þess hafa einkum verið færð fram þau sýnilegu sönnunargögn sem fjallað hefur verið um í kafla I þessa dóms og við aðalmeðferð gáfu skýrslu ákærði og vitni hvers framburður hefur í aðalatriðum verið rakinn í kafla II dómsins. Sem fyrr greinir byggist fyrirbyggjandi saksókn ekki á því að um ásetningsbrot sé að tefla, heldur að ákærði hafi af gáleysi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga og valdið brotþola líkamstjóni með tilteknum afleiðingum. Í því tilliti liggur öðrum þræði fyrir að meta hvort ákærði hafi hagað sér með þeim hætti sem vænta mátti af honum miðað við aðstæður [...] 2024.

Af hinum sýnilegu sönnunargögnum og framburði ákærða og vitna sem þáðu far með rúttunni í umrætt sinn verður lagt til grundvallar að ljós hafi verið kveikt í rúttunni þegar vitnin D og brotþoli yfirgáfu hana við bílastæðið við [...]. Af framburði ákærða og vitna þykir ekki ástæða til að ætla að ljósin innandyra hafi verið slökkt í kjölfarið þess að D yfirgaf rúttuna, svo sem það vitni taldi sig óvissan um. Aftur á móti liggur fyrir að lýsing í tröppunum að aftan hafi verið slæm, þó svo að ákærði hafi borið um LED-lýsingu þar aftur í. Við skoðun lögreglumanns M á rúttunni ásamt ákærða [...] 2024 virkaði ljós eða pera þar ekki, svo sem fram kemur í skýrslu þar um, og lögreglumaðurinn greindi frá fyrir dómi að ákærði hafi tjáð honum við skoðunina, og að svo hefði verið um langan tíma. Er það í samræmi við frásögn vitnanna tveggja um slæma lýsingu, einkum D, þannig að ekki væri þægilegt að sjá til við útgöngu að aftan. Einnig frásögn ákærða sjálfs af takmörkuðum viðbrögðum við ábendingum um þörf á viðgerðum. Þá verður sömu-leiðis lagt til grundvallar að úti hafi verið myrkur, þó þannig að þar sem bifreiðin var stöðvuð hafi utandyra verið lýsing af ljósastaur við veginn, sbr. framburð ákærða og

brotapola, og að rútan hafi verið stöðvuð á þessum stað vegna lítillar umferðar á þessum tíma sólarhringsins og nálægðar við bílastæði hvar farþegar lögðu bílunum sínum.

Auk þessa skorts á lýsingu við aftari útgang verður sömuleiðis með vísan til fyrrgreindrar skýrslu um skoðun á rútnni, framburðar ákærða fyrir dómi og við rannsókn, auk framburðar lögreglumanns M fyrir dómi um skoðun á bifreiðinni, talið ljóst að gaumflauta sem gefa átti frá sér hljóðmerki í tilviki opinna hurða hafi einnig verið biluð og ákærði vitað af því, en ljósmerki af því tilefni virðist hafa verið í lagi.

Þá þykja ekki efni til annars, miðað við það sem fyrir liggur, en að telja ákærða hafi horft aftur fyrir sig inni í rútnni er D og brotapolí fóru frá borði, sbr. frásögn ákærða að því leyti, þó svo að hann hafi ekki séð brotapolá. Af framburði hans og málatilbúnaði fyrir dómi verður ráðið að hann telji svo hafa verið þar sem D hafi byrgt honum sýn, en auk þess séu að öðru leyti blindir punktar í rútnni, þar á meðal strax í efsta þrepi trappa aftari útgangsins, og að brotapolí, sem sé lágvaxin, hafi setið þar nálægt og því ekki verið sýnileg í langan tíma er hún hafi yfirgefið rútna. Þá þykir heldur ekki miðað við atvik, þar á meðal frásögn ákærða, brotapolá og D, ástæða til að draga í efa að ákærði hafi ekki orðið brotapolá var utandyra er hann ók bílnum af stað, þrátt fyrir frásögn hans sjálfs um að hafa gætt að umferð fyrir tilstilli baksýnispepla bifreiðarinnar og að hafa séð D utan bílsins á leið frá rútnni að bifreið sinni á bílastæðinu. Þá verður heldur ekki lagt til grundvallar að rútnni hafi verið ekið ógætilega af stað eða um langan veg eftir það, og er það ekki í andstöðu við annað sem fram hefur komið í málinu, ef frá er talin frásögn vitnisins B á rannsóknarstigi hvar hann efnislega bar að rútan hefði farið snögglega af stað og verið ekið um tíu metra, sem ekki breytir þó mati dómsins.

Við mat á aðstæðum verður enn fremur að líta til þess að fyrir dómi bar ákærði um að hafa sótt brotapolá [...] sem hann ók henni heim af ásamt öðrum farþegum í aðdraganda þess að atvik hentu. Einnig að hafa vitað af því að á stoppistöðinni við [...] færu tvær eða þrjár manneskjur út og því hafi hann opnað báðar hurðar, þó svo að hann hafi eingöngu séð D gera sig tilbúinn að fara frá borði. Bar ákærði þó um það fyrir dómi að hafa ekki vitað af brotapolá í rútnni [...] og meðal annars einnig um að vita ekki hver færi hvar út, heldur vita eingöngu sirka tölu. Kvaðst hann einnig hafa ekið brotapolá um [...]. Bar hann um að vita á hvaða þremur stoppistöðvum hún færi út, þar á meðal þeirri sem um ræðir, þó svo að hann teldi hana oftast nota aðra. Frásögn ákærða um hvar brotapolí hafi komið upp í rútna er í samræmi við frásögn D um ástæðu þess að D leit í tvígang aftur fyrir sig er hann yfirgaf rútna þar sem hann hafi búist við að brotapolí kæmi á eftir

sér. Þá er fyrrgreind frásögn ákærða um hvaða þrjár stoppistöðvar brotaþoli hafi notað í samræmi við frásögn hennar sjálfrar að því leyti, þó svo að blæbrigðamunur sé á frásögnunum um hver stöðvanna hafi verið hennar algengasta, en D og C báru um að brotaþoli notaði þessa stoppistöð.

Þá verður af framburði ákærða fyrir dómi og á rannsóknarstigi einnig byggt á því við úrlausn málsins að ákærði hafi vitað af því að búnaður tengdur afturhurð bifreiðarinnar hafi ekki virkað sem skyldi í því tilviki að fyrirstaða kæmi á hurðina er hún lokaðist. Bar ákærði um þessa vitneskju sína hvort tveggja við skoðun rúttunnar [...] 2024 og degi síðar á lögreglustöð. Við aðalmeðferð málsins var hann, eins og lesa má af kafla II dómsins, ítarlegar spurður út í þetta atriði, þar á meðal hver hafi greint honum frá biluninni og hvenær hann hafi haft upplýsingar um hana. Ekki liggur fyrir hver hafi upplýst hann um bilunina, en af svörum hans er fullljóst, og ekki ágreiningur um það við flutning málsins, að hann vissi af biluninni er hann ók bifreiðinni [...] 2024. Að auki var þessi bilun sérstaklega staðreynd með prófun lögreglu við skoðun rúttunnar [...] 2024, en jafnframt virkni hurðanna tveggja á hægri hlið hennar. Þær voru samstilltar samkvæmt mælingu lögreglu og tók þær fjórar sekúndur að lokast frá því að ýtt var á rofa í mælaborði. Þessi prófun á sér samsvörun í frásögn vitnisins F hjá [fyrirtæki] um samstillingu hurðanna þegar gert var við fremri hurð rúttunnar hægra megin hjá þeim [...] 2024. Sækir hún sér einnig stoð í frásögn ákærða fyrir dómi af atvikum í umrætt sinn að því marki að hann taldi sig vita að aftari hurðin félli að dyrunum á sama tíma og hann sæi það gerast að framan og meðal annars þess vegna hafi hann ekki horft á ljósmerkið í mælaborðinu sem gæfi það til kynna. Að þessum atriðum upplýstum og með hliðsjón af sakargiftum þykja ætlaðir ágallar við rannsókn lögreglu um ástand hurðarinnar og viðgerðir á henni ekki hafa þýðingu við meðferð málsins.

Þá er til þess að líta að ákærði er ekki til frásagnar um orsök þess að brotaþoli féll úr rúttunni og hefur hvort tveggja á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sbr. fyrri umfjöllun þessa kafla dómsins, borið um að hafa ekki vitað af henni fara frá borði. Ráða verður af framburði vitna að D sé sá eini, að upplifun brotaþola frátalinni, sem örugglega sá atvikið berum augum er hann leit til baka eftir brotaþola í kjölfar þess að hann fór úr rúttunni og ekki verður af því sem fyrir liggur talið að hann hafi átt erfitt með að sjá atvikið. Bæði hann og brotaþoli hafa fyrir dómi og á rannsóknarstigi borið efnislega á þann veg að akstur rúttunnar hafi valdið því að brotaþoli féll þegar hún var að stíga út úr rúttunni, en

jafnframt að afturhurð rúttunnar hafi í kjölfarið, því sem næst samtímis, farið utan í brotaþola. Ekki þykir það rýra framburð brotaþola um þetta atriði, meðal annars í ljósi framburðar D, að hún hafi talið fleiri farþega en þau tvö fara þarna út úr bifreiðinni. Fyrir dómi var C afdráttarlaus um að hafa ekki séð atvikið. Frásögn B hjá lögreglu og fyrir dómi um tímaröð þessa var á meira reiki, sem og það hvort hann hefði einungis séð brotaþola út undan sér er hún gekk um og þannig vitað af henni eða þá að hann hafi heyrt þegar atvikið átti sér stað. Fyrir dómi taldi hann hið síðarnefnda eiga við. Þá verður af skýringum vitna við skýrslugjöf á rannsóknarstigi og fyrir dómi ekki talin þörf á að draga aðrar ályktanir um sönnunarmat af frásögn samkvæmt frumskýrslu, sbr. kafla I dómsins. Að framanrituðu virtu þykir í ljós leitt, með vísan til framburðar brotaþola, sem á sér ríka stoð í framburði D, að brotaþoli hafi á þann hátt sem nánar greinir í ákæru vegna ónógrar aðgæslu ákærða fallið út úr bifreiðinni áður en hún var komin út úr henni þegar ekið var af stað og afturhurðin fór utan í hægri hlið hennar á því sem næst sama tíma. Einnig að í kjölfarið, þar sem brotaþoli lá bjargarlaus í götunni, hafi ákærði haldið áfram akstri án nægilegrar varúðar þannig að afturdekk bifreiðarinnar fór yfir báða fætur hennar með þeim afleiðingum sem í ákærutexta greinir.

Er þá og gætt að því að ekkert þykir fram komið í frásögnum annarra eða því sem fyrir liggur um hurðina að öðru leyti sem rýrir gildi frásagna þessara tveggja vitna um að atvikið hafi hent með þessum hætti. Meðal annars er horft til þeirrar virkni hurðarinnar, sem upplýst er um við fyrrgreinda skoðun hennar, framburðar ákærða sjálfs og vitnisins F, að hún hafi lokast á eðlilegum hraða, en jafnframt að hún hafi ekki opnast aftur við fyrirstöðu. Sömuleiðis liggur fyrir að unnt er að aka af stað með hurðina opna. Þess utan breytir tímaröð atvika engu um að hafi bilun hurðarinnar sem slík að einhverju leyti getað verið meðvirkandi orsök falls brotaþola er óumdeilt og leitt í ljós með skýrslugjöfum að ákærða var kunnugt um það er hann ók rúttunni að öryggi hennar væri ábótavant.

Þá getur það heldur engu breytt með hliðsjón af atvikum, þar á meðal téðri vitneskju ákærða um bilun í öryggisbúnaði, að bifreiðin hafi fengið skoðun á skoðunarstöð í byrjun [...] 2024, þrátt fyrir að sýnt þyki að hún hafi verið vanbúin um öryggisbúnað. Þykir heldur ekki geta breytt niðurstöðu málsins hvað þátt ákærða varðar miðað við það sem fyrir liggur þó svo að eigandi ökutækisins eða aðrir sem komu mögulega að viðgerðum á því hafi ekki gefið skýrslu við rannsókn málsins eða fyrir dómi. Enn fremur geta skyldur eiganda samkvæmt 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga ekki heldur leyst ákærða sem ökumann rúttunnar undan sök, í því tilliti að gera það sem búast mátti við af honum að

teknu tilliti til aðstæðna til að gæta öryggis farþega þegar þau fóru út úr rútunni. Í því tilliti horfir dómurinn til þess að í fræðilegri umfjöllun og dómaframkvæmd hefur það verið talið leysa mann undan refsíabýrgð ef talið er að honum hafi verið ómögulegt að afstýra slysi. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu telur dómurinn þá aðstöðu á hinn bóginn ekki vera fyrir hendi. Eins og rakið hefur verið er hvort tveggja talið sannað, að rútunni hafi verið ekið af stað áður en brotaþola var ekki lengur hættu búin af henni, bæði er hún var við það að yfirgefa hana og er hún lá bjargarlaus utan dyra, og sömuleiðis að ákærða hafi verið kunnugt um að afturhurðin væri vanbúin um öryggi. Hann bar sjálfur um það fyrir dómi að hafa opnað báða útganga þar sem hann hafi vitað að þarna ættu að vera tvær eða þrjár manneskjur. Sömuleiðis að hafa sótt brotaþola fyrir [...] og að auki að hafa þekkt til þess að hún notaði stundum þessa stoppistöð. Þá var honum einnig kunnugt um að blindir punktar væru í rútunni, þar á meðal við afturhurð, að brotaþoli væri lágvaxin, að lýsing að aftan væri slæm og hljóðmerki vegna opinna hurða virkaði ekki. Hversu lengi brotaþoli var frá borði getur á hinn bóginn ekki haggð sök ákærða. Með þessa vitneskju í huga verður að gera þær kröfur til ákærða að hann gætti betur að öryggi farþega þegar þau fóru út úr bifreiðinni og að hann gerði tæka ráðstafanir til að svo mætti verða, svo sem með því að nota einvörðungu útganginn að framan, vera í samskiptum við farþega um að þau sem væru á leið út væru örugglega komin frá rútunni og hafa skýrari vitneskju og samskipti um áfangastað hvers og eins. Í öllu falli verður að gera þær kröfur til atvinnubílstjóra að gæta að öryggi farþega sinna með tilliti til aðstæðna og búnaðar ökutækis.

Að öllu framangreindu virtu þykir sannað að ákærði hafi sýnt af sér refsiverða háttsemi er hann, sem ökumaður, sýndi ekki nægilega aðgæslu þar sem hann hafði stöðvað bifreiðina þegar farþegar voru að fara út úr henni þannig að hann ók af stað og lokaði aftari hurð ökutækisins áður en brotaþoli var komin út úr henni með þeim afleiðingum að brotaþoli féll út úr bifreiðinni og á götuna og síðan, þar sem brotaþoli lá bjargarlaus í götunni, haldið áfram akstri sínum án nægilegrar varúðar þannig að afturdekk bifreiðarinnar fór yfir báða fætur hennar. Hvað viðkemur þeim afleiðingum atviksins fyrir brotaþola sem lýst er í ákæru er samkvæmt framansögðu og með vísan til málsgagna, þar á meðal vættis lækna er fyrir dómi, lagt til grundvallar að þær hafi verið slíkar sem 218. gr. almennra hegningarlaga áskilur, sbr. að því leyti tilvísun til 219. gr. sömu laga um tjón á líkama brotaþola sem hlýst af gáleysi annars manns, þar á meðal beinbrot, er rútunni var ekið yfir fætur brotaþola með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Háttsemi

ákærða samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru telst samkvæmt framansögðu réttilega heimfærð í ákæru til 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í ákæru er ákærða þó einnig gefið að sök brot gegn 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Samkvæmt fyrrgreinda ákvæðinu skal vegfarandi sýna tillitssemi og varúð svo að ekki leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að ekki trufla eða tefji umferð að óþörfu. Vegna krafna um skýrleika refsheimilda verður ákærða ekki gerð refsing fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. einni og sér, sbr. meðal annars til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands vegna ákvæðis af sama toga í brottföllnum umferðarlögum nr. 50/1987 frá 20. febrúar 2014 og 3. desember 2015 í málum nr. 625/2013 og nr. 60/2015, og dóm Landsréttar 5. apríl 2019 í máli nr. 182/2018. Þó ber að líta til þessarar meginreglu og annarra viðeigandi háttennisreglna umferðarlaga við mat á því hvort ökumaður hafi sýnt af sér gáleysi í skilningi 219. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga skal ökumaður sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum. Heimfærsla til þessa ákvæðis umferðarlaga þykir ekki nægilega í samræmi við það hvernig atvikum er háttað, þó svo að sýnt þyki að brotþoli hafi um örskamma stund legið utan bifreiðarinnar, auk þess sem, ef áhöld kynnu að vera þar á, beri að meginreglu að túlka allan vafa um heimfærslu til refsíákvæða ákærða í vil. Þannig verður ekki heldur fallist á að háttsemi ákærða varði einnig við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

IV

Sakaferill ákærða, sem fæddur er árið [...], hefur að virtum þeim brotum sem þar um ræðir og 1. og 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga ekki þýðingu við ákvörðun refsingar nú. Að auki er litið til þeirra óumdeildu alvarlegu afleiðinga sem urðu af aðgæsluleysi ákærða, sem og refsíákvæðana á sviði 219. gr. almennra hegningarlaga í dómaframkvæmd. Einnig er virt honum til málsbóta að hafa um margt skýrt greiðlega frá og að hafa sýnt brotþola einlæga samkennd, meðal annars í lok aðalmeðferðar er þau nýttu bæði rétt sinn til að taka stuttlega til máls, sbr. 3. mgr. 166. gr. laga nr. 88/2008. Jafnframt að ákærði hafi við meðferð málsins á rannsóknarstigi og fyrir dómi ekki dregið undan við að upplýsa málið, þó svo að hann hafi neitað refsiverðri sök og að mála-tilbúnaður hans hafi lotið að því að sagnæmisskilyrði væru ekki fyrir hendi.

Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga skal tiltaka refsinguna í einu lagi verði maður, meðan á máli stendur, uppvis að því að hafa framið fleiri en eitt brot séu

þau öll tekin til greina. Enn fremur skal með vísan til 2. mgr. þess lagaákvæðis að jafnaði tiltaka refsingu innan takmarka þess hegningarlagaákvæðis sem þyngstu hegningu setur. Samkvæmt framansögðu, sbr. þar á meðal í ljósi 1., 2., 3., 5., 6., 7. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og 9. töluliðar 1. mgr. 74. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða samkvæmt 219. gr. þeirra laga hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Fullnustu þeirrar refsingar þykir þó mega fresta og skal refsing falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

V

Þá er í ljósi þess sem að framan er rakið um atvik málsins og saknæmisviðmið, sbr. kafla III dómsins, og með hliðsjón af dómaframkvæmd, fallist á með ákærvaldinu að háttsemi ákærða hafi verið vítaverð og því skilyrði fyrir ökuréttarsviptingu samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 77/2019. Þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn í þrjá mánuði.

VI

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa brotþola að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ákærða að viðbættum virðisaukaskatti. Fyrir liggur málskostnaðarreikningur að fjárhæð 830.230 krónur ásamt vinnuyfirliti og reiknings vegna ferðakostnaðar, auk þess sem við aðalmeðferð málsins var til viðbótar lagður fram reikningur vegna frekari ferðakostnaðar að fjárhæð 3.000 krónur. Er einkaréttarkrafa brotþola að öllu leyti um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er í greinargerð hafður uppi áskilnaður um frekari kröfur á hendur ákærða verði tilefni til þess þegar endanlegt mat á afleiðingum liggur fyrir.

Ákærði krefst sem fyrr er rakið aðallega frávísunar einkaréttarkröfunnar í tilviki sýknu í refsipætti málsins, til vara sýknu af bótakröfu og að kröfu um málskostnað verði hafnað, en að því frágengnu að bætur og málskostnaður verði ákvörðuð að lægri fjárhæð en krafist sé og að málskostnaður verði ákvarðaður að lægri fjárhæð en kynnt er.

Í ljósi úrslita málsins um refsikröfu ákærvalds verður ekki fallist á kröfu um frávísun einkaréttarkröfu brotþola og ekki eru efni til að einkaréttarkrafan hljóti þau málsúrslit af sjálfsdáðum. Verður fallist á það að framangreindri háttsemi ákærða megi, í ljósi þeirra krafna sem gera mátti til hans sem atvinnubílstjóra og að öðru leyti þess saknæmismats sem rakið hefur verið í III. kafla þessa dóms, jafna til stórkostlegs gáleysis í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Olli háttsemin brotþola þeim alvarlegu afleiðingum sem lýst er í ákæru og studdar eru sýnilegum læknisfræðilegum gögnum og

vætti fyrir dómi. Í málinu er ekki deilt um áverka brotþola. Fyrirliggjandi gögn, þar á meðal vitnisburðir þeirra lækna sem komið hafa að málefnum brotþola, varpa ljósi á hversu mikið inngríp atvikið hefur til þessa haft á líf brotþola og til framtíðar lítið. Svo sem að framan greinir er hér að efni til einvörðungu krafist miskabóta og er að mati dómsins vafalaust að brotþoli varð fyrir miklu áfalli vegna atviksins. Á brotþoli því rétt til miskabóta úr hendi ákærða sem þykja hæfilega ákveðnar 1.300.000 krónur, en við ákvörðun bóta er lítið til þess hversu alvarlegar og íþyngjandi afleiðingar atviksins hafa orðið á heilsu og daglegt líf hennar. Skal bótafjárhæðin bera vexti í samræmi við kröfu brotþola í samræmi við það sem í dómsorði greinir, en bótakrafan var kynnt brotþola við birtingu ákæru ásamt fyrirkalli og greinargerð með bótakröfunni 11. september 2025. Um málskostnað brotþola fer samkvæmt 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Verður ákærða gert að greiða slíkan kostnað, sem með hliðsjón af tímaskýrslu, efni og umfangi málsins, og gögnum að baki þeim kostnaði, þykir hæfilega ákveðinn 653.270 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts af kostnaði af flutningi málsins.

VI

Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. Til þess kostnaðar heyra málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns, sem réttmætt þykir með hliðsjón af umfangi málsins og því sem liggur fyrir um vinnu verjandans að ráðist í aðalatriðum af yfirliti um tímafjölda og viðmiðum um tímagjald verjanda, sbr. reglur dómstólasýslunnar nr. 1/2025 og nr. 1/2026, og ákvarðist 999.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annar sakarkostnaður er tilkominn vegna aðgerða lögreglu á rannsóknarstigi og nemur samkvæmt yfirliti ákæruvalds og með stoð í framlögðum reikningum samanlagt að fjárhæð 58.907 krónum.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði A 1.300.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2024 til 11. október 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, og 653.270 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 1.058.657 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns, 999.750 krónur.

Hákon Þorsteinsson